

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Siglufirði



Dags eftirlits	18.4.2013	Fulltrúi UST	Gottskálk Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Anton Konráðsson	Staðsetning	504438,502	628597,321

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Komið var í eftirlit um miðjan apríl og óvenjumikil snjóalög voru á Siglufirði svo að lítið sást í olíubirgðastöðina. Fyrst var sest yfir rekstrarhandbók í stöð Olíudreifingar á Siglufirði, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Ekki er gerð athugasemd við innra eftirlit, og skráningar á mánaðarblöð voru í lagi.

Geymar standa í mengunarvarnarpróm með niðurföllum í frárennsli þróa sem rennur í gegnum olíuskilju (gerð II) og áfram í bæjarlög. Mælingar á olíuleifum í frárennsli olíuskilju voru framkvæmdar með olíuprófi Macherey Nagel. Ekki greindist olía í frárennslinu.

Bensín er ekki geymt í stöðinni.

Fjórir geymar eru í stöðinni og hafa allir verið botnþykktarmældir á síðustu tíu árum. Allar lagnir á að þrýstiprófa á yfirstandandi ári og skulu niðurstöður berast Umhverfisstofnun fyrir næstu áramót.

Gengið var um stöðina, myndir teknar og geymir skoðaður svo og lekavarnir (þró) og olíuskilja. Áfyllingarplan var skoðað en það er farið að láta á sjá, en uppfylltir kröfur. Girðingar og hlið voru í lagi.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar.

Reykjavík, 12.09.2013

Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.